NORÐURHELLA 7 HAFNARFIRÐI



Samþykkt þann
19. okt. 2016
Byggingafulltrúinn í Hafnarfirði

NORÐURHELLA 7:

Grunnupplýsingar um lóð og hús:
Landnúmer 204720, staðgreinir 66350070.

Lóðarstærð	2.034,0 m²
Grunnflatarmál húss	412,9 m²
Brúttóflatarmál húss	811,3 m²
Brúttórúmmál	3.125,7 m³
Nýtingarhlutfall	0,40

Húsið er einn matshluti 01

Í samræmi við úthlutunarskilmála er húsið skráð sem iðnaðar- og verslunarhús. Hér er gert ráð fyrir verslunarrekstri á neðri hæð og skrifstofum á efri hæð, sem samræmist skilmálum við lóðarveitingu.

BYGGINGARLÝSING:

UNDIRSTÖÐUR: Sökklar og botnplata eru úr járnbentri steinsteypu, einangrun undir botnplötu og niður sökkla er *75mm plasteinangrun. Undirstöður standa á þjappaðri* hraunfyllingu eða klöpp.

HÚSSKIPTING: Auk stigahúss er húsinu er skipt í 4 eignarhluta og er hver þeirra sjálfstætt brunahólf. Þau eru hvert um sig tæpir 180 m².

VEGGIR: Útveggir eru gerðir úr forsteyptum einingum. Yst í einingunum er 70 mm veðurkápa með smásteinum/perlumöl að utanverðu, ísteyptum eða múruðum á, eftir að húsið rís. Það verður ysta lag og *jafnframt áferð veggjanna.* Síðan kemur 100 mm polystyrene einangrun (plast) og loks 130 mm berandi, steinsteyptur veggur. Þessar einingar eru framleiddar af einingaverksmiðju t.d. Loftorku í Borgarnesi.
Burðarveggir innan húss, veggir kringum stigahús og veggir á milli húseininganna fjögurra eru úr járnbentri steinsteypu.
Aðrir innveggir, sem ekki eru berandi, verða hlaðnir og pússaðir eða smíðaðir sem EI-30 veggir, t.d. timburgrindur 45x45 c/c 600 mm, klæddar með 13 mm gipsplötum beggja megin.
Á langveggjum hússins er gert ráð fyrir auglýsingaskiltum á svölum, sem jafnframt eru lóttaleiðir, brunaútgangar.

PLÖTUR OG ÞAKPLATA: Gólfplata jarðhæðar er staðsteypt og einangruð með 75 mm polystyrene (25 kg/m³) undir gólfplötunni. Hún verður vélslípuð áður en fullri storknun er náð.
Plata milli hæða verður úr forsteyptum Filigran-plötum og ofan á þær kemur síðan ásteypulag, sjá verkfr.teikningar. Ásteypulagið verður vélslípað.
Þakplatan verður Filigran-plata með ásteypu, sjá verkfr.teikningar. Ofan á hana kemur rakavörn, síðan létt (16 kg/m³) polystyrene plasteinangrun eða steinull, sem verður klædd með Protan SE þakdúk eða öðrum samsvarandi og loks möl þar ofan á. Gert er ráð fyrir að þetta verk verði unnið af fagaðilum, sem bjóða upp á þakkerfi, sem hefur hlotið samþykki Mannvirkjastofnunar, og með efnum og festingum frá því fyrirtæki.
Þakhalli verður tekinn með einangrun og dúk með halla að NF. Þakhalli er að lágmarki 3°.
Allt í samræmi við ísl. staðla um þakfrágang og ákvæði um reiknað vind- og snjóálag. Sjá annars sérteikningar *verkfræðings.*

LOFTRÆSING: Loftræsing gluggalausra votrýma er um lóðréttar pípur upp úr þaki, vélræn loftræsing. Afköst skulu vera 2 loftskipti á klst. Önnur loftræsing er um opnanlega glugga.

HURÐIR, GLUGGAR: Útihurðir, gluggar og annað tréverk utan húss eru grá að lit, sama á við um dyr á sorpgeymslum. Gluggar mega einnig vera úr álklæddu timbri. K-gler í gluggum.

SORP: Sorptunnur skulu vera í hýsi/skúr úr steinsteypu, sem hefur sömu áferð og útveggir hússins. Þær skulu standa á steyptri plötu.

LÓÐ: Leyfilegur byggingarreitur er 16x26 m. Allar fjórar meginhlutar hússins eru á mörkum hans, Lóðin öll er malbikuð. Þar sem lóðin liggur að næstu lóð (-um) við Norðurhellu, verður haft samráð og samvinna um sameiginlegar innkeyrslur og akstursleiðir milli húsanna, sbr. deiliskipulagsblað, ef það hentar starfsemi í húsunum
Bílastæði eru alls 29. Þar af eru 3 stæði næst húsi sér merkt hreyfihömluðum og merkt þannig með skiltum, táknum og málningu.
Hæð malbiksyfirborðs við húsveggi er ca. 25 cm undir gólfhæð, þar sem því verður við komið. Við aðalinngang verður skábraut vegna aðgengis hreyfihamlaðra.

AÐGENGI HREYFIHAMLAÐRA: Þrjú bílastæði næst húsi eru eingöngu ætluð fyrir hreyfihamlaða. Í stigahúsi er nægilegt rými fyrir lyftu, sem getur tekið hjólastól. Val á lyftugerð, sem uppfyllir skilyrði um aðgengi fyrir hreyfihamlaða, skal vera í samræmi við kröfur, sem Mannvirkjastofnun setur.

UPPHITUN OG LAGNIR
Húsið er hitað með hitaveitu, lagnir ýmist á lagnagrind á veggjum, í innveggjum eða undir gólfi eftir aðstæðum.

Kólnunartölur U-gildi (W/m²C)
Hámarksgildi kólnunartalna:

Þak	0,20
Útveggir	0,40
Gólf á fyllingu	0,30
Hurðir	3,0
Gluggar, karmar, gler,vegið meðaltal	2,00
Útveggir, vegið meðaltal	0,85

BRUNAVARNIR

Táknar rýmingarleið, samkv. reglugerð um brunavarnir og brunamál
Táknar reykskynjara, sem skal staðsetja skv. teikningu.
NB. Samtenging skal vera milli reykskynjara allra húseininganna.
Þar sem þetta tákn er notað, er verið að vísa á flóttaleiðir.

Byggingin er í flokki 2.
Hvorri hæð er skipt í tvö aðskilin brunahólf auk stigagangs. Stigagangur er 21 m², hin 4 brunahólfin eru öll tæpir 180 m² nettó.
Brunahólfin eru aðskilin með EI 60 vegg, E12 30-CSn hurð og REI 60 hæðaskilum.
Þak er R 60. Meginburðarvirki eru R 60.
Klæðningar í lofti og veggjum innanhúss verða í flokki 1 (B-s1, d0 skv. ÍST EN 13501-1).
Útveggir eru steinsteyptir í flokki 1.
Þak og þakfrágangur í flokki 1.
Gert er ráð fyrir að í brunahólfum efri hæðar hafist að jafnaði við 15-20 manns.
Á neðri hæð umtalsvert fleiri, ef húsið verður notað sem verslunarrými.

Flóttaleiðir af efri hæð eru þrjár úr hvoru brunahólfi, þ.e. stigagangur og út um anddyri og hins vegar stigar frá tvennum svölum á bak við auglýsingaskilti.
Þetta eru beinir stigar með fallvarnargrind, nánar á sérteikningum.
Svalir eru úr stáli með gólfrist á þverbitum.
Hleri í gólfi opnar aðgang að stiga.
Klæðning neðan á svalir $K_2$20 B s1, d0.
Gler í gluggum við svalir eru E 30.
Frá jarðhæð eru þrjár flóttaleiðir, sjá teikningu.
Allar hurðir í flóttaleið skal vera hægt að opna í flóttaátt, þ.e. innan frá, án lykils eða verkfæra.
Hurðir í flóttaleið og anddyri skulu hafa neyðarhún skv.ÍST EN 179. Í byggingunni verða Út-ljós og neyðarlýsing skv.ÍST EN 1838, ÍST EN 50172.
Brunaviðvörunarkerfi skv.ÍST EN 54 tengt vaktstöð verður í allri byggingunni. Stjórnstöð kerfisins verður í anddyri stigahúss. Brunaslöngur verða í öllum brunahólfum og ná um allt húsið. Handslökkvitæki skv.ÍST EN 3 verða staðsett í samráði við slökkvilið.
Gera skal þjónustusamning um eftirlit og viðhald á brunaviðvörunarkerfi, neyðarlýsingu og handslökkvibúnaði.
Setja skal upp eigið eldvarnaeftirlitskerfi fyrir bygginguna.
Breytingar á brunavörnum skulu hljóta samþykki hjá viðeigandi yfirvaldi.

Vegna sambrunahættu:
Gler þar sem fjarlægð milli glugga tveggja brunahólfa er minni en 1,20 m er E 30.
Þessir gluggar eru merktir á teikningum.

18.10.2016
SLÖKKVILIÐ HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS bs.

Endurnýjun byggingarleyfis:
Teikningin er endurgerð áður samþykktrar teikningar vegna endurnýjunar byggingarleyfis.
Hústeikningin er nánast óbreytt frá áður samþykktum uppdrætti frá 2007 en lóðinni er breytt.
Hún er nú höfð flatari og með stoðvegg við lóðarmörk við gangstétt.
Einnig eru tekin inn ný ákvæði byggingarreglugerðar frá 2012 um brunavarnir og ferlimál hreyfihamlaðra.

18/10/16
Endurteiknað 18. okt. 2016 vísorplata og lyftu
Endurteiknað 1. okt. 2016.
Ný, breytt lóðarteikning gerð 12.apr. 2016
Endurgert vigólfhæðabreytingar 10.maí 2007
Fyrst samþ.18.des. 2006

VERKFRÆÐISTOFA	HALLDÓRS HANNESSONAR GUNNARSSUNDI 10 HAFNARFIRÐI	S. 8989455 hallhannes@gmail.com
Norðurhella 7 Hafnarfirði Grunnmynd 1. hæðar og lóðarskipulag		Mkv. 1:100 Reiknað H H Teiknað JH Kt. hönnuðar:141139-2159 Breytt: 1.sept. 2016
Verk: Norðurhella	Teikn.nr.: 1	Dags.: 12. apr. 2016